

Reglur Hveragerðisbæjar um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

1. gr.

Almenn ákvæði

Börn skulu að jafnaði sækja leik- og grunnskóla í því sveitarfélagi sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Börn með lögheimili í Hveragerði hafa þó möguleika á að sækja um skólavist í leik- og grunnskóla utan Hveragerðisbæjar.

Hér getur verið um að ræða sérskóla (t.d. Klettaskóla og Brúarskóla), sérdeildir í skólum (t.d. deild fyrir heyrnarskerta í Hlíðarskóla) eða almennan skóla, hvort sem hann er rekinn af öðrum sveitarfélögum eða er sjálfstætt starfræktur skóli.

Ef forsjáraðili barns óskar eftir tímabundinni skólavist í leik- eða grunnskóla fyrir barn í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, skal sækja um skólavist utan lögheimilissveitarfélags í gegnum íbúagátt Hveragerðisbæjar á þar til gerðu eyðublaði og tilgreina ástæður umsóknarinnar sbr. 3. gr.

Samþykkt umsókn er forsenda greiðslu skólavistargjalda af hálfu Hveragerðisbæjar. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs, nema veitt hafi verið sérstakt samþykki fyrir greiðslum á öðrum grundvelli í samræmi við reglur þessar.

Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, laga um leikskóla nr. 90/2008, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, gildandi samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar hverju sinni ásamt þeim meginreglum sem eru settar fram í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

2. gr.

Heimildir til sérstaks samþykkis skólavistar utan lögheimilissveitarfélags

Heimilt er að veita sérstakt samþykki fyrir skólavist barns í leik- og grunnskóla utan Hveragerðisbæ eða eftirfarandi tilvikum, að undangengnu sérstöku mati á hverri og einni umsókn og aðstæðum hvers og eins barns:

1. Grunnskóli

- a. Þegar barn flyst í annað sveitarfélag á skólaárinu.
- b. Þegar forsjáraðili óskar eftir að barnið fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags.
- c. Þegar barni er ráðstafað í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi.

2. Leikskóli

- a. Þegar barn flytur í annað sveitarfélag en forsjáraðili óskar eftir að barnið sækir tímabundið leikskóla í sveitarfélagi þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
- b. Þegar barn, sem vegna náms eða þingmennsku forsjáraðila fjarri lögheimili, þarf á leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi að halda.
- c. Þegar barni er ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarþjónustu.

Þegar ákvarðanir eru teknar samkvæmt reglum þessum skal það sem barni er fyrir bestu ávallt hafa forgang til samræmis við ákvæði 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

Berist umsóknir á öðrum grundvelli en að framan greinir skal sérstaklega skoða hvort tilefni sé til þess að verða við umsókninni með hliðsjón af velferð barnsins og öðrum þáttum er máli skipta.

3. gr.

Umsókn, fylgiskjöl o.fl.

Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár og gildir afgreiðsla umsóknar fyrir hvert skólaár. Umsókn þarf að berast fyrir 15. júní ár hvert til að taka gildi frá upphafi næsta skólaárs. Berist umsókn eftir það tímamark skal hún tekin fyrir á næsta fundi umsagnar- og afgreiðsluaðila skv. 4. gr. reglna þessara og skal afgreiðslan taka gildi að fengnu endanlegu samþykki Hveragerðisbæjar af þar til bærum aðila og gilda út viðkomandi skólaár.

Umsókn skal lögð fram af hálfu forsjáraðila eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum. Umsókn skal fylgja staðfesting forsjár, búsetu og lögheimilis frá Þjóðskrá sem er yngri en 2 vikna miðað við umsóknardag.

Foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá barns skulu ávallt leitast við að hafa samráð áður en teknar eru afgerandi ákvarðanir um daglegt líf þess, s.s. hvar barnið skuli sækja skóla.

Hafi barn lögheimili og fasta búsetu hjá öðru foreldri, lögheimilisforeldri, og ágreiningur rís hefur lögheimilisforeldrið heimild til ákvarðanatöku um val á leikskóla og grunnskóla, sbr. 2. mgr. 28. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 og skal umsókn um skólavist stafa frá því foreldri. Í slíkum tilvikum er ekki þörf á samþykki umgengnisforeldris til afgreiðslu umsóknar á skólavist utan lögheimilis.

Foreldrar sem samið hafa um skipta búsetu barns skulu taka sameiginlega afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barns, svo sem um hvar barnið skuli sækja skóla, sbr. 3. mgr. 28. gr. a. barnalaga, og skal umsókn stafa frá báðum foreldrum sameiginlega. Ekki er heimilt að samþykkja umsókn í slíkum tilvikum nema með samþykki beggja foreldra. Ef til staðar er ágreiningur milli foreldra skal umsókn synjað og þeim bent á úrræði þau sem í boði eru samkvæmt V. kafla barnalaga.

Í umsókn þarf að tilgreina ástæður þess að óskað er eftir skólavist utan sveitarfélags og fylgja þarf sérstakur rökstuðningur með umsókninni. Hið sama á við ef um endurnýjun umsóknar er að ræða vegna áframhaldandi skólavistar utan lögheimilissveitarfélags.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um þá sérfræðinga sem komið hafa að máli nemanda að því leyti sem máli kann að skipta fyrir afgreiðslu málsins.

Umsókn skal fylgja vilyrði um skólavist frá viðkomandi skóla í viðtökusveitarfélagi, með fyrirvara um endanlegt samþykki umsóknar af hálfu Hveragerðisbæjar.

4. gr.

Afgreiðsla umsókna

Fjallað er um umsóknir um skólavist utan lögheimilissveitarfélags á vettvangi móttökuráðs fræðsluþjónustu. Um skipan móttökuráðs, starfshætti og önnur atriði fer eftir gildandi samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar hverju sinni. Móttökuráð fræðsluþjónustu hefur vald til fullnaðarafgreiðslu vegna umsóknar nema kveðið sé á um annað í reglum þessum.

Afgreiðsla móttökuráðs fræðsluþjónustu skv. reglum þessum sem fela í sér fjárútlát umfram viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eða umfram þegar veittar fjárheimildir til skólavistar utan lögheimilissveitarfélags í samþykktri fjárhagsáætlun skulu lagðar fyrir bæjarráð til afgreiðslu. Við afgreiðslu umsóknar á fundi bæjarráðs skal liggja fyrir umsögn og rökstudd tillaga að afgreiðslu umsóknar frá móttökuráði. Afgreiðsla bæjarráðs skal lögð fyrir bæjarstjórn til staðfestingar og skal þar samhliða taka fyrir viðauka við fjárhagsáætlun rúmist fjárútlátin ekki innan heimilda fjárhagsáætlunar.

Umsóknir skulu að jafnaði teknar fyrir á næsta fundi móttökuráðs frá því að umsókn berst. Ef fyrrsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast skal deildarstjóri fræðsluþjónustu upplýsa umsækjanda um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

Deildarstjóri fræðsluþjónustu ber ábyrgð á að svara umsóknum skriflega í gegnum íbúagátt Hveragerðisbæjar og er að öðru leyti tengiliður við umsækjendur vegna umsókna skv. reglum þessum.

Gæta skal þess við meðferð og afgreiðslu umsókna hjá móttökuráði fræðsluþjónustu að gætt sé trúnaðar um þær og að bókað sé í trúnaðarmálabók, eftir því sem við á.

5. gr.

Andmælaréttur og upplýsingaöflun

Við meðferð umsókna skal afla upplýsinga hjá þeim sem málið varðar, jafnt forsjáradilum sem og nemandanum sjálfum eftir því sem aldur og þroski hans gefa tilefni til.

Áður en umsókn er tekin til endanlegrar afgreiðslu, skal gefa báðum foreldrum/forsjáradilum kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þetta á við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns eða ekki. Fari foreldrar ekki sameiginlega með forsjá barns og ekki reynist unnt að ná til umgengnisforeldri vegna veitingar andmælaréttar er heimilt að taka umsóknina til afgreiðslu án þess að afstaða umgengnisforeldris liggja fyrir.

Jafnframt skal leitað álits núverandi skóla og ef við á þeirra sérfræðinga sem komið hafa að máli nemanda.

6. gr.

Synjun umsókna

Sé til skoðunar að sveitarfélagið synji umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags á grundvelli umsagnar og tillögu móttökuráðs fræðsluþjónustu skal gefa foreldrum/forsjáradilum og barni eftir aldri og þroska þess kost á að tjá sig um þau gögn og þau sjónarmið sem gætu leitt til synjunar. Andmæli skulu berast fræðsluþjónustu skriflega innan tveggja vikna frá tilkynningu um fyrirhugaða synjun. Að loknu mati á viðbótarupplýsingum sem hafa borist skal móttökuráð taka endanlega ákvörðun um afgreiðslu umsóknar.

Sé umsókn synjað skal deildarstjóri fræðsluþjónustu tilkynna umsækjenda um niðurstöðuna skriflega. Ef leitað hefur verið eftir afstöðu umgengnisforeldris við vinnslu umsóknarinnar skal tilkynning um synjun umsóknar einnig send umgengnisforeldri til upplýsinga. Ber deildarstjóri fræðsluþjónustu ábyrgð á tilkynningum skv. ákvæði þessu.

Ákvörðun um synjun skal vera rökstudd og leiðbeina skal um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 eða 30. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir atvikum. Kæra til æðra stjórnvalds skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

7. gr.

Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum og tvískipt skólavist.

Óski forsjáradilar nemanda með lögheimili utan Hveragerðis eftir að nemandinn sækir grunnskóla í Hveragerði skal farið með umsóknina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga. Staðfesting skólustjóra á samþykki viðkomandi móttökuskóla skal fylgja umsókn.

Umsóknum um tvískipta leikskólavist er að meginreglu til synjað. Aðeins getur komið til samþykki slíkrar umsóknar ef til staðar eru sérstakar aðstæður og ef um er að ræða tilvik þar sem hagsmunum barnsins er greinilega best borgið með því að fallast á beiðnina.

Ef umsókn um tvískipta leikskólavist berst Hveragerðisbæ skal slík umsókn afgreidd með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í álit Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. október 2019. Ef áform eru um synjun umsóknar fer um málsmeðferð samkvæmt 6. gr.

8. gr.

Viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Við setningu reglna þessara hafa verið hafðar til hliðsjónar viðmiðunarreglur frá Sambandi íslenska sveitarfélaga:

<https://www.samband.is/verkefning/fraedslumal/grunnskoli/grunnskolanam-utan-logheimilissveitarfelags/>

<https://www.samband.is/verkefning/fraedslumal/leikskoli/vidmidunarreglur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>

<https://www.samband.is/wp-content/uploads/2019/10/leidbeinandi-alit-um-tvoefalda-skolavist-undirr-frkvstj-011019.pdf>

Skulu viðmiðunarreglurnar hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsókna skv. reglum þessum eftir því sem þörf verður á og eru þær til fyllingar reglum þessum að svo miklu leyti sem viðmiðunarreglurnar stangast ekki á við reglur þessar.

9. gr.

Gildistaka

Reglur Hveragerðisbæjar um skólavist utan lögheimilissveitarfélags voru samþykktar á fundi skólanefndar 2. október 2024.

Reglurnar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 8. október 2024 til að öðlast gildi við gildistöku breytinga á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023. Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 34/2025 tók gildi 20. janúar 2025.